

þá hluttekningu, er menn sýna hver í annars kjörum. Énnfremur að ófrægja og gjöra lítið úr öllum mannúðargjörðum í fornunni síð, og helzt taka fyrir með öllu að nokkur vottur slíkra verka sjaist þar, eins og það sé á móti mannlegu edli að menn finni til hver með öðrum, heldur sé það lærdómur, er menn öðlist með síðaskiftum. Hann segir :

„Chicago blaðið „Inter-Ocean“, er af og til hreytir því að Unitörum og öðrum frjálslýndum kennimönnum, að þeir raði of mikiði sðfræði og mannfélagsfræði á stólnum, í stað þess að „prédika hið forna guðspjall“, og nú fyrir stuttu flutti með ánægju langa grein eftir einhverni afturhalds klerk, um að Darvins kenningin væri ósannindi frá upphafi til enda, gjörði sam-anburð nýlega, í tilefni af jarðskjálftunum á Sikiley, á kristnum stjórnendum þessara tíma og gjörðum þeirra, er þannig lög-uð stórslys bera að höndum, og heiðinna stjórnenda í fornöld. Eins og við mátti búast, var fornöldin sýnd í óvirkulegu ljósi. Til dæmis var tekið, hvað Plínus eldri, sem umboðsmaður op-inber í fornöld, hefði gjört þegar Vesuvíusar eldgosíð mikla eyddi borgunum Herkulanæum og Pompej. Var svo fráskýrt að hann hefði látið leiðast af eintómri forvitni og fræðilöngun og aðeins í hjáverkum veitt lífsinni eða tekið upp af vegi sínum einn og einn er undan komust.

Eg sendi blaðinu fáeinar leiðréttingar við þessar missagnir ásamt fáeinum dæmum er sýndu fram á að fornþjóðirnar hefði ekki verið eins tilfinningalausar eins og með þessu var gefið í skyn, þegar um alment tjón var að ræða. Eg beiddist birtingar á línum þessum, en var synjað. En með því að það er hug-boð mitt, að enn sé sú skoðun almenn, að fyrst þá, eftir að kristnin hófst, hafi mannúð og hluttekningarsemi og mannkær-leiki, einkum þegar um stórslys var að ræða, gjört vart við sig í heiminum, en hinn forni ókristni heimur alls ekki þekkt neitt slíkt, þá vil eg því enn leita birtingar á þessum athugasemdum mínum.

Plínus yngri segir í bréfi til Tacitusar (VI, 16) að þegar eldgosíð byrjaði, hafi frændi hans kallað út frá Miseni höfn.